

**Samþykktir (skipulagsskrá)**  
Fyrir Heilabrot endurhæfingu ses.

1.gr.

Félagið er sjálfseignarstofnun sem starfar samkvæmt lögum nr. 33/1999 um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur og er nafn stofnunarinnar, **Heilabrot endurhæfing ses.**

2. gr.

**Heimilisfang** Heilabrota endurhæfingar ses. og aðalstarfstöð er að Brekkubyggð 7, 210 Garðabæ.

3. gr.

**Tilgangur** stofnunarinnar er að gera einstaklingum með ákominn heilaskaða kleift að lifa eins sjálfstæðu lífi og taka eins virkan þátt í samfélaginu og mögulegt er miðað við ástand, batahorfur og bestu vísindalegu þekkingu á hverjum tíma. Stofnunin mun aðstoða einstaklinga með ákominn heilaskaða að viðhalda virkni með líkamlegri og hugrænni þjálfun á meðan hennar er þörf.

Til að ná markmiðum sínum áætla stofnunin að ráðstafa fjármunum til starfsemi sinnar, þ.e. þjónusta í tengslum við endurhæfingu einstaklinga með ákominn heilaskaða.

Þjónusta stofnunarinnar mun byggja á lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007 og lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Þjónusta stofnunarinnar verður greidd af opinberum aðilum á grundvelli þessara laga og frjálsum framlögum.

4.gr.

**Stofnendur** stofnunarinnar eru Fanney Þórsdóttir, kt. 091165-4819, Emil Harðarson, kt. 280288-2339, Þuríður Norðfjörð Björnsdóttir, kt. 230738-2629 og Þór Sigurbjörnsson, kt. 130342-4429.

Framlagsstofnfé stofnenda skiptist sem hér segir:

Fanney Þórsdóttir 50%, Emil Harðarson 20%, Þór Sigurbjörnsson 15%, Þuríður Norðfjörð Björnsdóttir 15%

5.gr.

**Stofnfé** stofnunarinnar er kr. 1.000.000 , sem er framlag stofnenda félagsins.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim eignum er hún kann að eignast síðar.

Engin sérréttindi í stofnuninni tilheyra stofnendum hennar.

6.gr.

**Tekjur** stofnunarinnar skulu vera:

1. Styrkir.
2. Greiðslur frá Sjúkratryggingum Íslands, sveitarfélögum eða öðrum aðilum sem greiða fyrir þjónustu þeirra einstaklinga sem sækja endurhæfingu hjá stofnuninni.
3. Aðrar tekjur af seldri þjónustu eða vöru sem tengist þjónustunni.

7.gr.

**Stjórn** stofnunarinnar skal skipuð að minnsta kosti þremur mönnum og einum varamanni. Stjórnin skal kosin til fjögurra ára og kys fráfarandi stjórn nýja stjórn til sama tíma í lok kjörtímabils. Við val stjórnarmanna skal einfaldur meirihluti ráða. Fyrsta stjórn Heilabrota endurhæfingar ses. skal kosin á stofnfundi.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum, en kosnir skulu a.m.k. formaður, ritari, sem jafnframt skal vera varaformaður og gjaldkeri. Stjórnin stýrir öllum málefnum stofnunarinnar og kemur fram út á við fyrir hönd hennar. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi hennar sé jafnan í réttu og góðu horfi.

**Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda stofnunina.** Stjórn stofnunarinnar getur veitt prókúruumboð fyrir stofnunina.

EH FP - Þ S  
M  
W

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tæk á að fjalla um málið, sé þess nokkur kostur. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Halda skal fundargerðarbók um það sem gerist á stjórnarfundum.

8. gr.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfunda. Sama rétt á framkvæmdastjóri. Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

9. gr.

Stjórn stofnunarinnar ræður framkvæmdastjóra og ákveður starfskjör þeirra. Framkvæmdastjóri hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri stofnunarinnar og kemur fram fyrir hönd hennar í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Hann sér um reikningshald og ráðningu starfsliðs. Framkvæmdastjóri á rétt til setu á stjórnarfundum þótt hann sé ekki stjórnarmaður. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur stofnunarinnar, sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.

10. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal velja einn endurskoðanda eða eitt endurskoðendafélag til að endurskoða reikninga stofnunarinnar fyrir hvert starfsár. Endurskoðanda má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna eða starfsmanna félagsins.

11. gr.

Starfsár og reikningsár er frá 1. janúar til 31. desember. Stjórnin skal hafa lokið gerð ársreiknings og lagt hann fyrir endurskoðendur eigi síðar en 31. ágúst ár hvert.

12. gr.

Hagnaði sem verður af starfsemi stofnunarinnar skal varið til þeirra verkefna er greinir í 3. gr. samþykktu þessara. Þó er stjórn hennar heimilt að leggja sanngjarna fjárhæð til hliðar til að tryggja fjárhagsstöðu og áframhaldandi rekstur stofnunarinnar.

Hugsanlegt tap af starfsemi stofnunarinnar verður greitt úr sjóðum félagsins eða fært á næsta reikningsár.

13. gr.

Heimilt er að breyta samþykktum stofnunarinnar og þarf til þess samþykki allra stjórnarmanna stofnunarinnar á tveimur fundum stjórnar, sem haldnir skulu með minnst einnar viku millibili, svo og samþykki þeirra aðila sem hafa lagt fram minnst 2/3 hluta þess stofnfjár sem farið er með atkvæði fyrir. Til að auka skuldbindingar aðila þarf þó samþykki þeirra allra.

14. gr.

Með tillögum um slit og skipti á stofnuninni skal fara sem um breytingar á samþykktum þessum. Komi til þess að stofnunin verði lögð niður skal hrein eign hennar renna til hliðstæðra verkefna og tilgreind eru í 3. gr. eftir nánari ákvörðun stjórnar.


15. gr.


Þar sem ákvæði samþykktu þessara ná ekki til um hvernig með skuli farið, skal hlíta ákvæðum laga um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur nr. 33/1999, svo og öðrum lagaákvæðum er við geta átt.


EH  
FS  
IH UN  
FP


Samþykkt á stofnfundi Heilabrota endurhæfingar ses. í Reykjavík 4. október 2022.

Undirskriftir stjórnarmanna:

  
Fanney Þórsdóttir,  
stjórnarformaður.

  
Emil Harðarson,  
meðstjórnandi.

  
Urður Njarðvík,  
meðstjórnandi.

  
Ingunn Hansdóttir,  
meðstjórnandi.

x Þuridar N. Björnsson.

þóð Sig